

Nd.

214. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

12. gr. laganna orðist svo :

Nú er skip bygt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskirteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn í íslenska höfn, enda sje skirteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiftafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskirteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar heidist, á að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Fjármálaráðuneytinu ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgða-þjóðernisskirteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskirteini til bráðabirgða skal greina :

1. Nafn skips og hverskonar skip það sje.

2. Hvar og hvenær skip sje bygt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar, sem fá má, um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skirteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rjett að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skirteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskirteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskirteini. Þó getur skirteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sjerstakt samþykki fjármálaráðuneytis komi til.